

**„Að mega lýsa og koma á framfæri skoðunum
sínun við fullorðna“**

-Nemendaráð Fellaskóla

Niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á starfsháttum
nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996.

Október 1996.

Formáli

Í 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, og Ísland er aðili að, kemur meðal annars fram að barni, er myndað getur eigin skoðanir, skuli tryggður réttur til að láta þær í ljós í öllum málu, sem það varða, og að tekið skuli tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Börn og ungmenni gleymast mjög gjarnan í hinni opinberu umræðu um hin ýmsu málefni, sem þau varða - raddir þeirra fá alltof sjaldan að heyrast á hinum opinbera vettvangi. Af hverju er ekki leitað eftir skoðunum þeirra, til dæmis þegar verið er að skipuleggja leik- og íþróttasvæði, sem þau sækja, þegar verið er að fjalla um gæði og markmið skólustarfs, þegar verið er að vinna að ýmiss konar forvarnastarfi í þágu barna?

Í lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, er að finna heimild til handa nemendum grunnskóla til að stofna nemendaráð, sem meðal annars vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð. Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

Síðastliðið vor sendi ég öllum nemendaráðum grunnskóla fyrirspurnir um starfsemi þeirra. Þar spurði ég meðal annars um, hvort nemendaráðin teldu nauðsyn á að efla áhrif þeirra innan skóla og innan sveitarfélaga almennt. Í þessari skýrslu, sem hér fylgir, er að finna niðurstöður þessarar könnunar, en þar kemur til dæmis í ljós, að meirihluti þeirra nemendaráða, sem svöruðu, vill fá tækifæri til að taka meiri þátt - hafa meiri áhrif - innan skólans og einnig innan sveitarfélagsins.

Ég tel það alveg ljóst að til þess að efla nemendaráð grunnskóla og gera þau að sterkari málsvara barna og ungmenna, ekki aðeins innan sérhvers skóla, heldur einnig gagnvart sveitarstjórnnum, þurfi að koma til samstillt átak skólastjóra, kennara og nemenda og síðast en ekki síst kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Sveitarstjórnnum landsins ber að leita leiða til að gera börnin sýnilegri og efla þátttöku þeirra í hinni opinberu umræðu um málefni barna og ungmenna. Þær skulu og bera virðingu fyrir skoðunum og sjónarmiðum þeirra.

Von mín er sú að þessi skýrsla verði kveikjan að raunverulegum aðgerðum sveitarstjórna í þessum efnunum, og þær veiti börnum og ungmönnum, framtíðar kjósendum, kost á að hafa með skipulegum hætti áhrif á þau málefni sveitarfélaga sem virkilega varða hagsmuni þeirra.

Reykjavík, 24. október 1996.
Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna

Efnisyfirlit:

Helstu niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á
starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996 bls. 1

Yfirlit yfir þau nemendaráð sem tóku þátt í könnuninni bls. 8

Viðauki:

Spurningalisti umboðsmanns barna til nemendaráðanna

Helstu niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins tilkynntu 113 skólar að innan þeirra vébanda væru starfandi nemendaráð þetta skólaár og var spurningalisti sá er birtist aftast í þessari skýrslu sendur til þeirra allra í byrjun maí 1996. Svör bárust frá 54 skólur og er svarhlutfallið því 48%. (Sjá yfirlit á bls. 8) Mikið brottfall getur stafað af því að listinn var sendur seint á skólaárinu og hafi af þeim sökum „dottið upp fyrir“ í önnum vegna prófa og skólaloka. Hitt getur líka verið til í dæminu að nemendaráðin séu ekki virk og e.t.v. lítið annað en nöfn á blaði hjá skólastjóra. Hér á eftir fer samantekt á helstu niðurstöðum - í sumum tilvikum eru svör færri en 54, en það er vegna þess að einstökum spurningum hefur ekki verið svarað.

Tafla 1: Fjöldi fulltrúa í nemendaráði:

3-4 fulltrúar í 4 nemendaráðum
5-7 fulltrúar í 28 nemendaráðum
8-18 fulltrúar í 16 nemendaráðum
20 eða fleiri fulltrúar í 4 nemendaráðum

Tafla 2: Skipting nemendaráðsfulltrúa milli 8. 9. og 10. bekkjar:

Jöfn skipting	45
Ójöfn skipting	8

Algengast er að fjöldi fulltrúa í nemendaráðinu sé á bilinu 5-7. Í nokkrum skólum í Reykjavík er fjöldi fulltrúa í nemendaráði sagður vera vel yfir tuttugu og í einstaka fámennum skólum úti á landsbyggðinni eru allir nemendur skólans jafnframt fulltrúar í nemendaráði - þ.e. ekki er kosið til þess sérstaklega. Almennt virðist vera lögð á það áhersla að efstu bekkjardeildirnar eigi sér u.þ.b. jafnmarga fulltrúa; reynt er að viðhalda lýðræði eftir aldri. Aldursslagsíða í 8 nemendaráðum er á kostnað yngri nemenda.

Tafla 3: Skipting nemendaráðsfulltrúa eftir kyni:

Jöfn skipting	27
Fleiri strákar	3
Fleiri stelpur	22

Athygli vekur að í alls 22 nemendaráðum eru stelpurnar í meirihluta - sumsstaðar í miklum meirihluta eða jafnvel einráðar. Jöfn skipting milli kynja er þó algengari en hitt, en sjaldnast að strákar séu í meirihluta.

Tafla 4: Starfar kennari með nemendaráðinu?

Já	42
Nei	11

Tafla 5: Ef nei, hvers vegna ekki?

Íþróttá- og tómstundafulltrúi starfar með nemendaráði	8
Við sjáum um okkur sjálf - kennarinn fylgist með	3

Samkvæmt 17. gr. grunnskólalaga er gert ráð fyrir því að skólastjóri feli einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð. Eins og fram kemur í töflum 4 og 5 er algengast að kennari eða íþróttá- og tómstundafulltrúi starfi með nemendaráðinu. Einungis 3 nemendaráð segjast ekki fá beina aðstoð frá kennara.

Tafla 6: Eru til starfsreglur fyrir nemendaráð?

Já	25
Nei	26

Athyglisvert er að meira en helmingur nemendaráða segist ekki starfa samkvæmt neinum formlegum starfsreglum, enda þótt kveðið sé á um slíkt í 17. gr. grunnskólalaga. Nokkrir sögðust styðjast við reglur sem er að finna í handbók sem Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur hefur gefið út - Reykjavík virðist þannig vera leiðandi í þessum efnum.

Tafla 7: Hversu oft hittist nemendaráðið á fundi?

2-4 sinnum í mánuði	36
1 sinni í mánuði	5
5-6 sinnum á vetri	4
Óreglulega	4

Eins og fram kemur í töflu 7 er algengast að nemendaráðin haldi fundi 2-4 sinnum í mánuði, enda eru óregluleg fundahöld vart til þess fallin að skapa samfellu í starfi nemendaráðs.

Tafla 8: Helstu verkefni nemendaráðs síðastliðinn vetur - fjöldi nemendaráða sem merktu við eftirtalda möguleika:

Skemmtikvöld	47
Ball	41
Árshátið	40
Ferðalag	27
Blaðaútgáfa	23
Fræðsla, kynning, námskeið	14

Tafla 9: Samstarf við aðra skóla - hvers konar verkefni?

Já	27
Nei	25

Eins og fram kemur í töflu 8 eru skemmtikvöld, böll og árshátíðir algengustu viðfangsefni nemendaráðanna, en einnig standa þau fyrir ferðalögum, blaðaútgáfu og fræðslu til nemenda. Samstarf við aðra skóla fólst einkum í að halda íþróttamót og böll af ýmsum gerðum, svo sem árshátíð, lokaball eða diskótek. Nokkur nemendaráð nefndu heimsóknir í aðra skóla, einnig ræðukeppni, hæfileikakeppni, námskeiðahald, karaoke-keppni, vorvöku, feðalag, og einn skóli hafði samstarf við danskan grunnskóla, en það var liður í norrænu skólasamstarfi. Þá nefndi einn skóli að á svæðinu hefði tómstundafulltrúi frumkvæði að því að leiða alla skóla saman til sameiginlegra uppákoma.

Tafla 10: Hefur nemendaráð peninga til að greiða fyrir starfseminu?

Já	41
Nei	8
Brottfall	5

Einnig var spurt hversu miklir peningar væru til ráðstöfunar og hvaðan þeir kæmu. Erfitt var að fá uppgefnar einhverjar upphæðir - það gerðu reyndar fæst nemendaráðanna, eða einungis 11. Tilgreindar upphæðir voru á bilinu 30 þúsund til 300 þúsund. Að langmestu leyti virðast nemendaráðin þurfa að fjármagna starfsemi sína sjálf. Þannig tilgreina þau hagnað af skemmtunum ýmiss konar, sérstaka fjáröflunarstarfsemi, sjoppurekstur o.fl. Þá eru nokkuð mörg nemendaráð sem fá einhverja fjárhæð frá sveitarfélaginu, af fjárhagsáætlun skólans eða úr nemendasjóði.

Tafla 11: Skiptir nemendaráð sér af sérstökum hagsmunamálum nemenda?

Ágreiningi nem. v. kenn., skólastj.	7
Stjórn skólans - skólareglum	7
Aðbúnaði í kennslust.	7
Einelti meðal nemenda	6
Leyfum/undanþágum frá mætingu	6
Aðbúnaði í mötuneyti	6
Einelti kennara gagnvart nemanda	5
Skólaakstri	5
Skólamáltíðum	5
Aðbúnaði á skólalóð	5
Aðbúnaði í setustofu	4
Brottvikningu nemenda	4

Spurt var, hvort nemendaráðið beitti sér fyrir sérstökum hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Tafla 11 sýnir hversu oft var merkt við þá möguleika sem tilgreindir voru í umræddri spurningu. Hafa ber í huga að hvert nemendaráð gat merkt við fleiri en einn möguleika.

Algengt var að hlaupið væri yfir spurninguna, sem gefur það til kynna að þessi málefni séu yfirleitt framandi fyrir nemendaráðið og að ekki sé ætlast til þess að það láti sig þau varða. Í nokkrum tilvikum var áréttað að vandamál af þeim toga sem tilgreind voru í spurningunni kæmu nemendaráðinu ekkert við:

„Okkur er ekki heimilt að skipta okkur af svona málefnum“

„Við skiptum okkur ekki af hlutum sem okkur koma ekki við“

„Okkar starfssvið er félagslíf skólans, við fáum ekki að ráða neinu öðru“

„Nemendaráðið beitir sér ekki fyrir neinu svona og finnst okkur það vera meira á ábyrgð skólastjóra og skólans“.

Í einu tilviki hafði spurningablaðið greinilega verið útfyllt af skólastjóra eða kennara. Þar var þetta tekið fram:

„Formaður nemendaráðs getur setið á kennarafundum. Tillögur formanns eru skoðaðar er þær koma fram“.

Það má velja því fyrir sér hvernig sé að vera formaður nemendaráðs á fundi með kennurum í þessum skóla og hvers konar afgreiðslu tillögur hans fá - ef hann á annað borð hefur kjark til þess að bera þær upp.

Tafla 12: Finnst ykkur þörf á að efla nemendaráðin?

Innan skólans?	Já:37	Nei: 14
Í sveitarfélaginu?	Já: 32	Nei: 11

Einnig var spurt hvort nauðsynlegt væri að efla nemendaráðin; annars vegar innan skólans og hins vegar í sveitarfélaginu almennt. Eins og sést í töflu 12 vilja flest nemendaráðin fá aukin áhrif, en þegar kemur að því að útfæra hugmyndir í þá veru vandast málið heldur! Sum virðast ekki hafa velt því fyrir sér að nemendaráð geti sinnt neinu öðru en skemmtana- og félagslífi skólans. Spurningarnar hafa frekar vakið þau til umhugsunar en að þau hafi haft meðvitaðan áhuga á að skipta sér af slíkum málum. Þau lýsa eftir meiri aðstoð fagmenntaðs fólks og vilja fá félagsmálakennsku til þess að geta starfað betur og skipulegar, meiri fjárveitingu til að standa straum af félagslífi og fræðslufundum, t.d. um fikniefni, og mörg láta í ljós óskir um meiri samvinnu við nemendaráð annarra skóla. Þá er þeirri hugmynd varpað fram að sveitarfélagið lækki útgjöld til félagsmiðstöðva til hagsbóta fyrir nemendaráð grunnskólanna. Lagt er til að nemendaráð hafi fulltrúa sem sitji kennarafundi í vissum málum og mörg kvarta undan því

hversu ósamvinnuþýðir kennarar séu. Þá er í nokkrum tilvikum talað um nauðsyn þess að hafa öfluga félagsmiðstöð með góðri aðstöðu.

Almennt gildir þó um þessa spurningu að sennilega hefðu þau þurft aðstoð við að mynda sér skoðun á málinu og koma með tillögur um hvernig mætti efla nemendaráðið.

Í lokin var spurt hvaða hagsmunamáli barna og ungmenna umboðsmaður barna ætti helst að beita sér fyrir, að þeirra mati. Hér á eftir fara svörin:

- ◆ Að börn og unglingar hafi næga tómstundaiðju. Og að allir hafi jafn mikla möguleika á framhaldsnámi o.fl.
- ◆ Aðbúnaði í skólum og á heimilum, hvers kyns misrétti, heilbrigði o.fl.
- ◆ Einelti, ágreiningi nemenda við kennara og öfugt, aðbúnaði í skólum
- ◆ Að efla félagsstarf unglinga úti á landi, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu
- ◆ Að börn og unglingar öðlist sömu virðingu og fullorðnir
- ◆ Félagslífi og íþróttum
- ◆ Að tryggja að hver einasti krakki sem vill læra komist í skólann óáreittur og verði ekki fyrir barðinu á einelti
- ◆ Að allir einstaklingar séu jafnir í skólakerfinu svo og annarsstaðar. T.d. ættu allir skólar að fá sömu aðstöðu og kennslu burtséð frá nemendafjölda og stærð skóla.
- ◆ Að allir eigi kost á jafngóðri menntun alveg sama hvar eða hvernig þeir búa. Að auka forvarnarstarf.
- ◆ Að réttur barna og unglinga sé ekki brotinn og að fundnar séu leiðir til þess að halda unglingunum frá götunum.
- ◆ Að passa að sjálfræðisaldurinn hækki ekki upp í 18 ár.
- ◆ Að það sé ekki vaðið yfir þau - að þau séu virt.
- ◆ Að hafa félagslíf fjölbreytt og að flestir fái að njóta þess.
- ◆ Allt sem tilheyrir velferð barnsins, t.d. einelti meðal nemenda, heimilisaðstæður, einelti kennara gagnvart nemendum, virkja aðsetur fyrir unglinga, virkja félagsmiðstöð, virkja félagslífið - annað en eingöngu íþróttir.
- ◆ Það mætti tala meira um eiturlyf og reykingar, t.d. einn tími á viku og byrja í 8. bekk. Sýna myndir o.fl.
- ◆ Réttlæti og ákvörðunarrétti barna og unglinga
- ◆ Einelti - og að nemendur fái að ráða einhverju af því sem nemendur taka þátt í.
- ◆ Að börn njóti jafnréttis til náms sem ekki er víst að verði þegar skólar færast yfir til sveitarfélaga.
- ◆ Að þjóðfélag okkar verði „barn/unglinga - vænt“
- ◆ Að beita sér fyrir því að unglingar verði ekki kúgaðir af eldra fólki og að skoðanir þeirra verði virtar á jafningja grundvelli.
- ◆ Að öll börn eigi kost á mannsæmandi aðstæðum í uppvexti sínum.

- ◆ Að þeim líði vel og að börn séu ekki lögð í einelti.
- ◆ Að halda ráðstefnu með öllum nemendaráðum landsins.
- ◆ Misrétti, einelti þ.e. ef kennarar beita meiri völdum en þeir í rauninni hafa.
- ◆ Að félagslegum réttindum barna sé sinnt.
- ◆ Velferð og þægilegra lífi handa okkur öllum.
- ◆ Öryggi barna - heima og í skóla.
- ◆ Börnin heim frá Tyrklandi. Vita meira hvað er að ske í öðrum skólum. Það má samræma sjálfræðisaldurinn og lækka aldurinn til vinkaupa í ríkið.
- ◆ Að kennarar sinni öllum nemendum jafnt - ekki bara einum eða tveimur.
- ◆ Einelti, misrétti og margt fleira.
- ◆ Réttlátari umgengni fullorðinna við börn. Að mega lýsa og koma á framfæri skoðunum sínum við fullorðna.
- ◆ Útivistartími unglinga. Neikvæðri umræðu um unglinga í fjölmiðlum.
- ◆ Lagaleg réttindi barna og unglinga.
- ◆ Okkur finnst umboðsmaður barna vera að vinna mjög gott starf. Það var t.d. mjög gott í sambandi við það hverjir eigi að semja samræmdu prófin. Okkur finnst mikilvægast að hann sinni einelti barna, því það er sorglegasta valdbeitingin að okkar mati.
- ◆ Okkur finnst hún standa sig vel, t.d. málþing barna og unglinga sem við tókum þátt í. Hún á að vera sýnileg og koma t.d. á spjallfundi í félagsmiðstöðvum (Samfés) og heyra hvað við höfum að segja. Svo má hún hugsa um: Hvernig er hægt að vernda börn fyrir foreldrum sínum sem alltof oft fara illa með þau andlega og líkamlega. Annars er Þórhildur bara á réttri leið og flott að vita af henni! Jú, skattamálin okkar mætti hún vinkona okkar skoða.

Við lestur þessara tilvitnana er nokkuð ljóst að ótti og áhyggjur af einelti og hvers kyns ofbeldi virðist hvíla þungt á skólabörnum hér á landi, en margir setja fram ósk um að umboðsmaður barna beiti sér á þeim vettvangi. Þá eru einnig settar fram óskir um að umboðsmaður vinni að því að auka virðingu hinna fullorðnu fyrir börnum og skoðunum þeirra og í nokkrum svörum er talað um misrétti, ákvörðunarrétt barna, réttlæti og félagsleg og lagaleg réttindi barna. Börn virðast finna sárt til þess að skoðanir þeirra séu léttvægar fundnar, ekki hvað síst í málefnum sem varða þau sjálf.

Umboðsmaður barna þakkar nemendaráðum í eftirtöldum skólum fyrir svörin:

Hagaskóli - Reykjavík	Sólvallaskóli - Selfossi
Húsaskóli - Reykjavík	Reykhólaskóli- A-Barðastr.sýslu
Álftamýrarskóli - Reykjavík	Stóru-Vogaskóli -
Seljaskóli - Reykjavík	Vatnsleysustr.hreppi
Fellaskóli - Reykjavík	Grunnskólinn í Ólafsvík
Árbæjarskóli - Reykjavík	Grunnskólinn á Eiðum
Laugalækjarskóli - Reykjavík	Nesjaskóli - Nesjahreppi
Hólabrekkuskóli - Reykjavík	Grunnskólinn í Stykkishólmi
Breiðholtsskóli - Reykjavík	Héraðsskólinn á Laugarvatni
Valhúsaskóli - Seltjarnarnesi	Grunnskóli Siglufjarðar
Snælandsskóli - Kópavogi	Brúarásskóli - Hlíðarhreppi
Þinghólsskóli - Kópavogi	Grunnskólinn á Blönduósi
Hjallaskóli - Kópavogi	Þelamerkurskóli -
Kópavogsskóli	Glæsibæjarhreppi
Garðaskóli - Garðabæ	Grunnskólinn á Bakkafirði
Viðistaðaskóli - Hafnarfirði	Grunnskólinn Hellu
Klébergsskóli - Mosfellsbæ	Grunnskóli Hríseyjar
Egilsstaðaskóli	Lundarskóli - Akureyri
Grunnskólinn á Raufarhöfn	Grunnskóli Hellisands
Grunnskóli Bolungarvíkur	Hafralækjarskóli - Aðaldal
Laugalandsskóli - Holtum	Fellaskóli - Fljótisdalshéraði
Laugabakkaskóli - Miðfirði	Grunnskóli Reyðarfjarðar
Dalvíkurskóli	Grunnskólinn í Hveragerði
Grenivíkurskóli	
Heppuskóli - Höfn	
Grunnskóli Þingeyrar	
Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	
Héraðsskólinn á Skógum	
Grunnskólinn á Ísafirði	
Njarðvíkurskóli	
Höfðaskóli - Skagaströnd	
Hallormsstaðaskóli	
Grunnskóli Djúpavogs	

VIÐAUKI

Könnun á starfsemi nemendaráða veturinn '95-'96

Merkið með krossi þar sem við á - ef ekkert á við ykkar starfsemi fyllið þá út í þar til gerða reiti. Ef þetta blað nægir ekki, má skrifa aftan á blöðin eða skila aukablaði.

Skóli:

Fjöldi í nemendaráði:

Strákar..... Stelpur.....

Nemendaráð skiptist þannig eftir bekkjardeildum:

8. bekkur, fjöldi..... 9. bekkur, fjöldi..... 10. bekkur, fjöldi.....

Starfar kennari með nemendaráðinu?:

Já Nei.....

Ef nei, hvers vegna ekki?

.....
.....
.....

Eru til starfsreglur fyrir nemendaráð?:

Já Nei

Ef já, vinsamlegast látið eintak fylgja spurningalistanum

Í vetur hefur nemendaráðið haldið fundi ...:

Einu sinni í viku

Annar hvern mánuð

Einu sinni í mánuði

Einu sinni fyrir jól og einu

Tvisvar í mánuði

sinni eftir jól

Hversu oft, ef ekkert ofangreint á við ykkur

Helstu verkefni nemendaráðs í vetur:

Árshátíð

Fræðsla/kynning/námskeið

Ferðalag

Skemmtikvöld

Ball

Blaðaútgáfa

Samvinna við aðra skóla - hvaða verkefni?

.....
.....
.....

Annað, hvað?

.....
.....
.....

Hefur nemendaráðið peninga til þess að greiða fyrir starfseminu?:

Já Nei

Ef já, hversu mikið? kr.

Hvaðan koma þessir peningar?

.....
.....

Skiptir nemendaráðið sér af sérstökum hagsmunamálum nemenda? Hér er átt við atriði eins og ...

Einelti meðal nemenda

Einelti kennara gagnvart nemendum

Skólareglum

Brottvikningu einstakra nemenda

Leyfum og ýmsum undanþágum frá mætingu

Ágreiningi nemenda við kennara/skólastjóra

Skólamáltíðum

Skólaakstri

Aðbúnaði, t.d. í :

- ◆ kennslustofu
- ◆ í mötuneyti
- ◆ á skólalóð

Annað

.....
.....
.....

Finnst ykkur þörf á að efla nemendaráðin?:

Innan skólans? Já Nei

Í sveitarfélaginu almennt? Já Nei

Hafið þið einhverjar hugmyndir í því sambandi?

.....
.....
.....

Hvaða hagsmunamál barna og ungmenna finnst ykkur mikilvægast að umboðsmaður barna sinni?

.....
.....
.....

Bestu þakkir fyrir hjálpina og gleðilegt sumar !